

Ársskýrsla 2021



Menntun



Nýsköpun



Starfsumhverfi



Innviðir



Orka og umhverfi



Ímynd



Gildi

- **Fagmennska** – Vönduð vinnubrögð, nýjar upplýsingar og þekking á viðfangsefnum
- **Samvinna** – Samstarf starfsmanna og félagsmanna við stjórnvöld, stofnanir, fjölmiðla og önnur samtök
- **Áræðni** – Forsenda árangurs – Höfum kjark og þor til að takast á við krefjandi verkefni í þágu íslensks iðnaðar

Ársskýrsla 2021

Innan Samtaka iðnaðarins eru um 1.400 fyrirtæki og félög sjálfstæðra atvinnurekenda. Þau eru ólík innbyrðis, hvort sem litið er til stærðar, starfsemi eða markaða. Þessi mikla fjölbreytni gerir starfið í senn vandasamt og nauðsynlegt. Þess er gætt að leggja áherslu á það sem er sameiginlegt en um leið er hlúð að því sérstæka. Þetta hefur tekist með svo farsælum og árangursríkum hætti að Samtök iðnaðarins eru stærstu og öflugustu hagsmunasamtök atvinnurekenda í landinu. Samtök iðnaðarins vinna að hagsmunum iðnaðarins á öllum sviðum í nánú samráði við einstaka starfsgreinahópa og aðildarfyrirtæki.

Mars 2022

Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík

Sími 591 0100, mottaka@si.is, www.si.is

Ábyrgðarmaður: Sigurður Hannesson

Ritstjórn: Margrét Kristín Sigurðardóttir, margret@si.is

Hönnun og umbrot: Hvíta húsið

Prentun: Prentmet Oddi

Ávarp formanns SI

Íslenskur iðnaður á tímamótum

Eftir efnahagsáfallið sem fylgdi hraðri útbreiðslu kórónuveirunnar árið 2020 litum við flest með bjartsýni til ársins 2021. Þvert á væntingar héldu áskoranirnar þó áfram að vera margþættar og rekstrarumhverfið á árinu var afar krefjandi, svo ekki sé dýpra í árinni tekið. Afleiðingar heimsfaraldurs fóru að gera vart við sig í heimshagkerfinu – til að mynda komu brestir í aðfangakeðjur, verð á flutningi, hráefni og vörum hækkaði verulega og skortur var á lykilbyggingarefnum, sementi og timbri. Allt hafði þetta sín áhrif á íslenskt atvinnulíf sem brást við með þrautseigju, útsjónarsemi og aðlögunarhæfni að vopni. Það er óhætt að segja að þau tæplega 40 þúsund sem starfa í íslenskum iðnaði hafi unnið þrekvirkni á liðnu ári við að halda starfsemi gangandi við þessar erfiðu aðstæður og sáu landsmönnum fyrir matvælum og öðrum nauðsynjum, héldu uppi framkvæmdum og sköpuðu margvisleg verðmæti til útflutnings.

Í hverri áskorun felast þó jafnan ýmis tækifæri. Á árinu voru þannig stigin ýmis framfaraskref í íslenskum iðnaði og margir sigrar unnust, í smáu sem stóru. Einhver stærstu tíðindin er umbreyting íslensks atvinnulífs þar sem hugverkaiðnaður hefur fest sig í sessi sem fjórða útflutningsstoðin. Ekki verður um villst að okkur hefur tekist að virkja hugvitið í meira mæli en áður og þannig aukið verulega verðmætasköpun og útflutning sem byggir ekki eingöngu á takmörkuðum náttúruauðlindum.

Fjölbreytni útflutningsstoða gerir okkur betur í stakk búin að sveiflujafna hagkerfið og skapar þannig grundvöll að meiri stöðugleika en við höfum áður þekkt í hagsögu landsins. Þau mikilvægu skref sem tekin hafa verið af hálfu stjórnvalda á undanförnum árum til að efla vöxt hugverkaiðnaðar, svo sem með auknum skattahvötum í rannsóknar- og þróunarstarfi, og tilkoma vísi- og fjárfestingarsjóða, sem veita meira fjármagni í sprota- og nýsköpunarfyrirtæki en nokkru sinni fyrr, hafa gert það að verkum að áratugur nýsköpunar fer vel af stað. Áframhaldandi fjárfesting í nýsköpun, með skynsamlegri stefnumörkun stjórnvalda, mun skila samfélaginu miklum arði.

Samtök iðnaðarins, sem hreyfið í íslensku samfélagi, vilja stuðla að umbótum til hagsbóta fyrir iðnaðinn, atvinnulífið og almenning í landinu. Á þeim grunni, og sem framlag okkar til að koma efnahagslegum lífsgæðum þjóðarinnar til fyrri horfs á næstu fjórum árum, lögðum við fram fjölmargar tillögur til úrbóta í tengslum við lönþing 2021. Margar þeirra hafa nú þegar komið til framkvæmda eða rötuðu inn í stjórnarsáttmála hinnar nýju ríkisstjórnar sem mynduð var í lok nóvember. Samvinna sem þessi milli atvinnulífs og stjórnvalda mun skila miklum árangri, hraða uppbyggingu og skapa aukin verðmæti og ný og eftirsótt störf – okkur öllum til heilla.

Ég tel raunar ljóst að íslenskur iðnaður gæti staðið á miklum tíma- mótum verði framkvæmdin í samræmi við markmið stjórnvalda sem birtast í sáttmála ríkisstjórnarinnar. Hin skýra sýn um nýsköpunar- og tæknidriðnið hagkerfi sem byggir á iðnaði til framtíðar lofar góðu og í því tilliti er ánægjulegt að sjá hversu góðan hljómgrunn fjölmörg áherslur Samtaka iðnaðarins hafa fengið. Áfram þarf þó að leggja mikla áherslu á að slíta fjötra óhöflegs regluverks sem lengi hefur staðið íslensku atvinnulífi fyrir þrífum, hindrar vöxt þess og skerðir samkeppnishæfni.



Útlit er fyrir að áskoranir þessa árs verði engu minni. Verðbólga hefur aukist hratt sem leiðir meðal annars til hækkandi vaxtastigs fyrir heimilin og fyrirtækin í landinu. Við þá stöðu verður ekki lengi unað. Orsakanna er einna helst að leita í hækkun húsnæðisverðs þar sem augljóst ójafnvægi ríkir í framboði og eftirspurn. Eins og Samtök iðnaðarins hafa bent á mörg undanfarin ár er brýnna samstilltra aðgerða þörf til að auka framboð húsnæðis því úrræði til að tempra eftirspurn munu ekki leysa vandann. Þá mun árið vafalítið markast af kjaramálum þar sem tekist verður á um það við gerð nýrra kjarsamninga hvort nóg sé til skiptanna eða hvort samstaða náist við samningaborðið um að auka verðmætasköpun, öllum til hagsbóta. Eftir krefjandi rekstrarár eru fjölmargar greinar atvinnulífs komnar umfram þolmörk hvað launakostnað varðar, til viðbótar við ört hækkandi verð á hrávöru og í aðfangakeðju. Með fleiri stoðum útflutnings breytast hagsmunir á vinnumarkaði og samtalið þarf vitanlega að taka mið af því. Aðilar vinnumarkaðarins munu hafa einna mesta möguleikann á að grípa til mótvægisáðgerða gegn neikvæðri verðbólguþróun með samstilltu átaki til að koma aftur á stöðugleika í efnahagsmálum og því lágvaxtaumhverfi sem ríkti hér um stundarsakir. Gleytum því ekki að margt eigum við sameiginlegt og ættum því að geta snúið bókum saman í ýmsum framfaramálum. Samvinna, samstarf og uppbyggilegt samtal er rétta leiðin – en sporin hræða og væntingar eru því dempaðar.

Við munum, nú sem endranær, gæta hagsmuna iðnaðarins í hverjum þeim verkefnum sem framtíðin ber í skauti sér. Við hyggjumst leiða, þjónusta og styðja við félagsmenn okkar í þeim miklum umbreytingum sem nú eiga sér stað í starfs- og rekstrarumhverfi og gera þeim kleift að sækja þau tækifæri sem bjóðast. Ég færi félagsmönnum, stjórn og starfsfólki Samtaka iðnaðarins minar bestu þakkir fyrir afar ánægjulegt samstarf á árinu og óska íslenskum iðnaði velfarnaðar á komandi starfsári.

Árni Sigurjónsson,
formaður Samtaka iðnaðarins

Stjórn SI 2021

Stjórn Samtaka iðnaðarins ber ábyrgð á stefnumörkun og áherslu í starfinu en framkvæmdastjóri og starfsfólk sjá um nánari útfærslu og framkvæmd. Stjórnin kom saman til 12 formlegra stjórnarfunda. Reglur um stjórnarsetu eru þannig úr garði gerðar að sífelld endurnýjun á sér stað innan stjórnarinnar en einn helsti styrkur SI er að enginn getur setið þar lengur en í sex ár. Þá þarf hver stjórnarmaður að fá endurnýjað umboð á tveggja ára fresti.

Stjórnarkjör

Stjórnarkjör fór fram á aðalfundi SI sem haldinn var í Hyl í Borgartúni 35, 4. mars. Kjörið fór fram með rafrænum hætti.

Árni Sigurjónsson var kjörinn formaður Samtaka iðnaðarins.

Alls gáfu sjö kost á sér til almennrar stjórnarsetu. Kosið var um fjögur almenn stjórnarsæti og hlutu þessi kosningu: Ágúst Þór Pétursson, Mannvit, Guðrún Halla Finnsdóttir, Norðurál, Magnús Hilmar Helgason, Launafl, og Sigurður R. Ragnarsson, ÍAV.

Fyrir í stjórn voru Árni Sigurjónsson, Marel, formaður, Arna Arnardóttir, gullsmiður, Egill Jónsson, Össur, Margrét Ormslev Ásgeirsdóttir, CRI, Valgerður Hrund Skúladóttir, Sensa, og Vignir Steinþór Halldórsson, MótX. Á árinu hætti Margrét Ormslev Ásgeirsdóttir í stjórn og sæti hennar tók Tryggvi Hjaltason, CCP.



Árni Sigurjónsson,
Marel, formaður



Sigurður R. Ragnarsson,
ÍAV, varaformaður



Guðrún Halla Finnsdóttir,
Norðurál, ritari



Arna Arnardóttir,
gullsmiður



Ágúst Þór Pétursson,
Mannvit



Egill Jónsson,
Össur



Magnús Hilmar Helgason,
Launafl



Tryggvi Hjaltason,
CCP



Valgerður Hrund Skúladóttir,
Sensa



Vignir Steinþór Halldórsson,
MótX



Varamaður
Jónína Guðmundsdóttir,
Coripharma

Áherslur

Alþingiskosningar

Samtök iðnaðarins lögðu áherslu á að málefni iðnaðarins væru til umfjöllunar í aðdraganda þingkosninga sem fram fóru á árinu. Í því skyni var meðal annars efnt til kosningafundar SI með forystufólki nýu stjórnmálaflokka sem buðu fram til Alþingis. Fundurinn var í beinni útsendingu frá Norðurljósum í Hörpu. Á fundinum voru til umræðu þau málefni sem brýnust eru fyrir samkeppnishæfni Íslands; menntun, innviðir, nýsköpun, starfsumhverfi, orka og umhverfi. Allir flokkar fengu spurningakönnun frá SI fyrir fundinn þar sem spurt var um áform flokkanna í einstökum málefnum en áður hafði öllum frambjóðendum sem voru efstir á listum í öllum kjördæmum verið send skýrslan Hlaupum hraðar – slítum fjötrana og sækjum tækifærin.



Á kosningafundi SI ræddi Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, við forystufólk nýu stjórnmálaflokka sem buðu fram til Alþingis.

Ástand og framtíðarhorfur innviða á Íslandi 2021

Samtök iðnaðarins í samstarfi við Félag ráðgjafarverkfræðinga gáfu á árinu út aðra útgáfu af skýrslunni Innviðir á Íslandi. Í tilefni útgáfunnar var efnt til fundar sem sendur var beint út frá Norðurljósum í Hörpu. Líkt og í fyrri skýrslu sem gefin var út 2017 er í skýrslunni góð yfirsýn yfir ástand og framtíðarhorfur innviða á Íslandi. Þar kemur meðal annars fram að innviðafjárfesting hefur verið of lítil undanfarin ár á mörgum sviðum og enn er mikil uppsöfnuð þörf fyrir innviðauppbýggingu.



Árni Sigurjónsson, formaður SI, flutti ávarp á fundinum í Hörpu.

Umbætur í iðnnámi

Á árinu urðu einar mestu umbætur í iðnnámi sem hafa orðið um áratuga skeið. Aðgerðir sem rutt hafa hindrunum úr vegi hafa skilað metaðsókn í námið. Um er að ræða samstillt átak atvinnulífs og stjórnvalda sem ætlað er að auka veg iðn- og starfsnáms. Til dæmis geta þau sem ljúka iðn- og starfsnámi fengið aðgang að háskólum, búið er að koma á nýju fyrirkomulagi vinnustaðanáms sem tryggir að nemendur útskrifist ef valin er skólaleið og rafræn ferilbók hefur verið tekin í notkun sem þýðir byltingu í framkvæmd vinnustaðanáms.

Innviðaráðuneyti orðið að veruleika

Samtök iðnaðarins hafa lengi talað fyrir því að innviðaráðuneyti verði sett á lagginnar þar sem sameinaðir væru málaflokkar í samgöngu-, bygginga- og skipulagsmálum í eitt ráðuneyti sem áður tilheyrðu nokkrum. Samtök iðnaðarins fagna því að innviðaráðuneyti hafi verið stofnað með nýrri ríkisstjórn sem tók við að loknum kosningum.

Hugverkaiðnaður orðin fjórða stoðin

Hugverkaiðnaður varð fjórða stoðin gjaldeyrisöflunar á árinu til viðbótar við orkusækinn iðnað, sjávarútveg og ferðaþjónustu. Hugverkaiðnaður skapaði 16% af útflutningstekjum ársins 2020 og hafa Samtök iðnaðarins bent á mikil tækifæri til vaxtar í þessum iðnaði.

Sjálfbær orkuskipti

Dönsk viðskiptasendinefnd með Friðrik krónprins í fararbroddi kom til Íslands á árinu þar sem efnt var til fundahalda um sjálfbær orkuskipti. Félagsmönnum SI bauðst að taka þátt, meðal annars í fundi um tækifæri og hindranir í orkuskiptum þar sem fulltrúi SI, Lárus M.K. Ólafsson, viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði SI, flutti erindi. Auk þess flutti Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, ávarp að viðstöddum danska krónprinsinum og forseta Íslands á viðburði í Grósku.



Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, heilsar Friðriki krónprins Danmerkur í Grósku.



Áherslur

Nýr starfsgreinahópur

Nýr starfsgreinahópur innan SI, Samtök vetnis- og rafeldsneytisframleiðenda, var stofnaður á árinu. Stofnfundur samtakanna var haldinn í Hörpu. Í samtökunum eru fyrirtæki sem öll eru tengd vetnis- og rafeldsneytisframleiðslu.



Á myndinni eru, talið frá vinstri, Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, Hallmar Halldórsson, framkvæmdastjóri Clara Artic Energy, Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI, Tryggvi Þór Herbertsson, stjórnarformaður Qair Iceland, Auður Nanna Baldvinsdóttir, framkvæmdastjóri IðunnH2, Eyjólfur Lárusson, framkvæmdastjóri Carbon Iceland, og Lárus M.K. Ólafsson, viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði SI.

Matvælaráð SI

Nýtt Matvælaráð SI tók til starfa á árinu og er það ráð til viðbótar við Hugverkaráð SI, Mannvirkjaráð SI og Framleiðslaráð SI. Í Matvælaráði SI sitja sjö fulltrúar og er ráðinu ætlað að vera vettvangur umræðu um stöðu matvælaíðnaðar á Íslandi, greininga og margvíslegrar stefnumótunar ólíkra matvæla- og drykkjarframleiðenda innan SI.



Á myndinni eru, talið frá vinstri í efri röð, Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, Stefán Magnússon, markaðsstjóri CCEP á Íslandi, Gunnar Sigurðarson, viðskiptastjóri hjá SI, Sæmundur Sveinsson, fagstjóri Matís, og Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI. Í neðri röð eru Valmundur Pétur Árnason, framkvæmdastjóri Lostæti Austurlyst, Rannveig Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri Kötlum og formaður Matvælaráðs SI, og Auðjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri markaðs- og sölusviðs Nóa Sírius.

Hugverkaiðnaður orðin fjórða stoðin

Hugverkaiðnaður varð fjórða stoðin gjaldeyrisöflunar á árinu til viðbótar við orkusækinn iðnað, sjávarútveg og ferðaþjónustu. Hugverkaiðnaður skapaði 16% af útflutningstekjum ársins 2020 og hafa Samtök iðnaðarins bent á mikil tækifæri til vaxtar í þessum iðnaði.

Tækifæri í orkusæknum iðnaði

Samtök iðnaðarins og Landsvirkjun efndu til opins fundar á árinu sem var í beinni útsendingu frá Kaldalóni í Hörpu. Á fundinum var horft til framtíðar og leitað við að svara því hvort Ísland sé reiðubúið að taka á móti nýjum grænum orkusæknum iðnaði. Varpað var fram spurningum um hvort við höfum þá innviði sem þarf, hvernig tryggja eigi aðstöðuna, orkuna og samstarf fyrirtækja, ríkisvalds, sveitarstjóra og annarra sem málið snertir. Einnig voru birtar sameiginlegar greinar frá fulltrúum Landsvirkjunar og SI til að vekja athygli á málefnum raforku.

Stefnumótun SI fyrir 2022–2025

Efnt var til stefnumótunar með stjórn, starfsmönnum og formönnum allra starfsgreinahópa á Grand Hótel Reykjavík á árinu. Einnig var leitað til allra félagsmanna með könnun sem Maskína framkvæmdi. Mikil áhersla hefur verið lögð á eflingu innra starfs Samtaka iðnaðarins undanfarin ár. Stefnumótuninni er meðal annars ætlað að efla það starf enn frekar.

Innviðaráðuneyti orðið að veruleika

Samtök iðnaðarins hafa lengi talað fyrir því að innviðaráðuneyti verði sett á laggirnar þar sem sameinaðir væru málaflokkar í samgöngu-, bygginga- og skipulagsmálum í eitt ráðuneyti sem áður tilheyrðu nokkrum. Samtök iðnaðarins fagna því að innviðaráðuneyti hafi verið stofnað með nýrri ríkisstjórn sem tók við að loknum kosningum.

Tækniskólinn í framtíðarhúsnæði

Undirrituð var viljayfirlýsing um byggingu framtíðarhúsnæðis fyrir Tækniskólann á árinu en stefnt er að byggingu húsnæðisins við Suðurhöfnina í Hafnarfirði. Þörf Tækniskólans fyrir nýtt húsnæði er brýn enda starfar hann nú í níu byggingum víða um höfuðborgarsvæðið. Með nýrri skólabyggingu er ætlunin að sameina starfsemina undir einu þaki í nútímalegu húsnæði sem uppfyllir þarfir skólans og nemenda hans.



Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI, Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, þáverandi iðnaðar-, nýsköpunar- og ferðamálaráðherra, og Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI.



Stefnumótunarfundur stjórnar, starfsmanna og formanna allra starfsgreinahópa.

Hlaupum hraðar – slítum fjötrana og sækjum tækifærin

Á næstu 12 mánuðum verða teknar ákvarðanir sem munu ráða miklu um efnahagslega framtíð á Íslandi næstu ár og áratugi. Samtök iðnaðarins leggja til að stjórnvöld slíti fjötrana með markvissum hætti á næstu mánuðum svo hægt verði að hlaupa hraðar og skapa eftirsótt störf og aukin verðmæti. Leið vaxtar – að veita atvinnulífínu svigrúm til að skapa aukin verðmæti og ný og eftirsótt störf – er farsælasta leiðin. Leið aukinnar skattlagningar mun hins vegar hefta vöxt atvinnulífs og teftja endurreisnina.

Atvinnustefna er sú samþæfing sem þarf til að efla samkeppnishæfnina á sem skilvirkastan hátt. Með atvinnustefnu er átt við að stefnumótun sé samþæfð í þeim málaflokkum sem helst hafa áhrif á framleiðni og samkeppnishæfni. Málaflokkarnir sem einkum þarf að samþæfa og gera þannig úr garði að þeir styðji hver við annan eru menntun, innviðir, nýsköpun, starfsumhverfi og orka og umhverfi. Með atvinnustefnu er lagður grunnur að uppbyggingu til að styðja við efnahagslega velsæld en slík stefna getur ekki síður verið rauður þráður í stefnumótun hins opinbera. Þannig er hægt að ná samræmi í ólíkum málaflokkum svo opinberir fjármunir nýtist á sem hagkvæmastan hátt og dregið sé úr soun.

Verkefni hagstjórnar er að skapa nægan hagvöxt til að vinna bug á atvinnuleysi og auka efnahagsleg lífsgæði þjóðarinnar. Svo það megi verða að veruleika þarf að ráðast í markvissar aðgerðir strax. Afar þrynt er að auka gjaldeyristekjur, verðmætasköpun og fjölga störfum í einkageiranum. Hagræða þarf í ríkisrekstri og má benda á vel heppnaða sameiningu Íbúðalánasjóðs og Mannvirkjastofnunar í Húsnæðis- og mannvirkjastofnun þar sem skilvirkni hefur aukist og hundruð milljóna sparast árlega. Minnka þarf umfang ríkisrekstrar með það að markmiði að ríkið sinni almanna-hagsmunum en ekki því sem betur er komið í einkarekstri.

Til þess að skapa góð efnahagsleg lífsgæði þarf að auka landsframleiðsluna um 545 milljarða króna á næstu fjórum árum. Auka þarf gjaldeyristekjur um 300 milljarða króna yfir tímabilið eða sem nemur ríflega 1,4 milljarði á viku. Fjölga þarf störfum um 29 þúsund til að ná atvinnuleysinu niður og mæta væntri fólksfjölgun. Takist þetta munu efnahagsleg lífsgæði landsmanna aukast á tímabilinu og landsframleiðsla á mann verða meiri en hún var fyrir núverandi efnahagsniðursveiflu.

Markmið á sviði umhverfis- og loftslagsmála skapa tækifæri til þess að nýta hugvit til að þróa nýja tækni og aðferðir til að gera hluti öðruvísi og betur. Atvinnulífið er best til þess fallið að stuðla að breytingum á framleiðsluferlum, starfsemi sinni eða öðrum þáttum til að lágmarka áhrif á umhverfið. Þessi aukna áhersla hefur leitt og mun áfram leiða til þróunar í grænni tækni, umhverfisvænni framleiðsluferlum, rafrænum lausnum og orkuskiptum í samgöngum svo dæmi séu tekin.

Tvær af fjórum útflutningsstoðum hagkerfisins tilheyra iðnaði; hugverkaiðnaður og orkusækinn iðnaður. Til að bæta við þeim 300 milljörðum króna í gjaldeyristekjur sem þarf á næstu fjórum árum er nauðsynlegt að sækja tækifæri til frekari gjaldeyrissköpunar. Samtök iðnaðarins hvetja til þess að tækifærin verði sótt með frekari umbótum og markaðssókn til að laða að fjárfestingu í nýjum og rótgrónum fyrirtækjum þannig að útflutningstekjur aukist, fleiri störf skapist sem og aukin verðmæti.

Til þess að þetta verði að veruleika þurfum við að slíta fjötra og sækja verðmætin. Þess vegna leggja Samtök iðnaðarins áherslu á eftirfarandi:

Starfsumhverfi

- Beita af fullum þunga fjármálum ríkis og sveitarfélaga til þess að skapa kröftuga viðspyrnu fyrir hagkerfið inn í nýtt hagvaxtarskeið. Gæta að því að forgangsörðun sé rétt.
- Létta álögum af fyrirtækjum eins og kostur er, m.a. með lækkun tryggingagjalds og fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði.
- Beita tækjum peningastjórnunnar enn frekar til þess að skapa skilyrði fyrir auknar fjárfestingar og vöxt í innlendri eftirspurn. Lækka vexti frekar og auka aðgengi fyrirtækja að fjármagni.
- Bætt eftirlit með lögum um handiðnað með áherslu á aukna skilvirkni og meðalhóf. Vinna áfram að markvissri endurskoðun á gildandi regluverki með það að markmiði að einfalda það og draga úr óþarfa reglubyrði.
- Tryggja að raforku- og flutningsverð raforku á Íslandi sé alþjóðlega samkeppnishæft.

Innviðir

- Sameina byggingar-, húsnæðis-, skipulags-, sveitarstjórnar- og samgöngumál undir eitt ráðuneyti innviða.
- Auka nýfjárfestingar og viðhald í innviðakerfinu. Nýta samvinnuleið hins opinbera og einkaaðila við uppbyggingu innviða.
- Framlengja átakið „Allir vinna“, a.m.k. út árið 2022. Sl munu áfram beita sér fyrir því að neikvæð fjárhagsleg áhrif á verksamninga vegna vísitölubreytinga í tengslum við átakið verði leiðrétt.
- Tryggja stöðuga uppbyggingu íbúðarhúsnæðis með því að auka framboð á nýju byggingarsvæði, bæta rafræna stjórnsýslu, tryggja aðgengi að gögnum og stytta tímafresti.

Nýsköpun

- Gera breytingar á lögum um stuðning við nýsköpunar-fyrirtæki, hækkun þaks og endurgreiðsluhlutfall vegna rannsóknar- og þróunar, ótímabundnar.
- Hækka skattafrádrátt vegna fjárfestinga einstaklinga í sprotafyrirtækjum úr 75% í 100% til að virkja einkafjármagn í fjárfestingar í frumkvöðlastarfsemi og nýsköpun.
- Auka enn frekar framlög til Tækniþróunarsjóðs og taka mið af mælanlegum markmiðum um úthlutunarhlutfall þannig að framlög taki mið af eftirspurn.

Menntun

- Opna aðgengi starfsmenntaðra að háskólanámi og vinna gegn kerfislægum vanda starfsmenntunar er varðar námsframvindu, námslok og tækifæri nemenda til framgangs að námi loknu. Ljúka innleiðingu rafrænna ferilbóka í öllum greinum á árinu 2021.
- Greiða götu þess að framkvæmdir við byggingu nýs Tækniskóla verði hafnar á árinu 2022.
- Innleiða hvata þannig að háskólar útskrifi fleiri nemendur í STEM greinum.
- Setja aukna áherslu á að bregðast við fjölbreyttum vanda í menntakerfinu, með því að huga að stöðu drengja, styrkja stöðu kennara og bregðast við fjárskorti hjá skólum sem bjóða upp á iðnnám og jafna stöðu þess gagnvart hefðbundnu bóknaði.



Stefna SI til 2021

Mikill árangur af stefnu SI

Mikill árangur hefur náðst með þeirri stefnu sem mótuð var 2019 og hefur gilt til 2021. Stefnan byggir á sex stoðum sem eru menntun, innviðir, nýsköpun, starfsumhverfi, orka og umhverfi og ímynd. Með því að setja sérstaka áherslu á þessi tilteknu málafni hefur náðst að efla íslenskan iðnað og auka samkeppnishæfni hans.

Á árinu var efnt til nýrrar stefnumótunar stjórnar, starfsmanna og formanna allra starfsgreinahópa. Einnig var leitað til allra félagsmanna með könnun sem Maskína framkvæmdi. Áformað er að ný stefna taki gildi á árinu 2022 og gildi í þrjú ár eða til ársins 2025.



Menntun



Nýsköpun



Starfsumhverfi



Innviðir




Orka og umhverfi



Ímynd

Viðburðir



Ingólfur Bender,
aðalhafgræðingur SI.

Fjölbreyttir viðburðir

Vegna samkomutakmarkana var viðburðarhald Samtaka iðnaðarins með breyttu sniði þar sem efnt var til fjölda rafrænna viðburða á starfsárinu. Líkt og undanfarin ár voru viðfangsefni viðburðanna margvísleg og spönnuðu breitt svið. Auk eigin funda og viðburða tóku samtökin þátt í ýmsum viðburðum í samvinnu við aðra.



Árni Sigurjónsson, formaður SI.

Útboðsþing SI

Útboðsþing SI var haldið í samstarfi við Mannvirki – félag rafverktaka og Félag vinnuvélaeigenda. Vegna samkomutakmarkana var þingið í beinu streymi frá Húsi atvinnulífsins. Á þinginu kynntu fulltrúar 10 opinberra aðila fyrirhugaðar verklegar framkvæmdir sem áformað var að setja í útboð á árinu.

Innviðir á Íslandi

Samtök iðnaðarins í samstarfi við Félag ráðgjafarverkfræðinga efndu til fundar um skýrsluna Innviðir á Íslandi – ástand og framtíðarhorfur. Fundurinn var í beinni útsendingu frá Norðurljósum í Hörpu.



Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, Sigurður Ingí Jónhannsson, þáverandi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, og Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins.



Vegna samkomutakmarkana var fundurinn í beinni útsendingu.



Jóhanna Klara Stefánsdóttir, sviðsstjóri mannvirkjasíðs SI.

Fjölbreyttir viðburðir



Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI.



Magnús Þór Gylfason, forstöðumaður hjá Landsvirkjun, og Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI.



Fundur um tækifæri í tölvuleikjaiðnaði.



Frá heimsókn krónprins Dana í Grænvang í Grósku.

Iðnþing

Iðnþing fór fram í beinni útsendingu frá Silfurbergi í Hörpu. Yfirskrift þingsins að þessu sinni var Hlaupum hraðar – slítum fjötrana og sækjum tækifærin.

Menntadagur atvinnulífsins

Menntadagur atvinnulífsins var haldinn í áttunda sinn í streymi. Yfirskrift dagsins að þessu sinni var Færni framtíðar. Dagurinn er samstarfsverkefni SI, Samorku, SAF, Samtaka fjármálafyrirtækja, SFS, SVP og SA.

Sjávarútvegur og iðnaðar

Sameiginlegur fundur Samtaka iðnaðarins og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi á Hilton Reykjavík Nordica þar sem fjallað var um sameiginlega snertifleti sjávarútvegs og iðnaðar.

Umhverfisdagur atvinnulífsins

Umhverfisdagur atvinnulífsins var haldinn í Norðurljósum í Hörpu. Að þessu sinni voru orkuskipti til umfjöllunar. Bláa lónið var valið Umhverfisfyrirtæki ársins og Aha fékk umhverfisviðurkenningu fyrir framtak ársins á sviði umhverfismála. Að deginum standa auk Samtaka iðnaðarins Samtök atvinnulífsins, Samorka, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök fjármálafyrirtækja, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og Samtök verslunar og þjónustu.

Sækjum tækifærin saman

Samtök iðnaðarins og Landsvirkjun héldu sameiginlegan fund sem var í beinni útsendingu frá Kaldalóni í Hörpu. Á fundinum var horft til framtíðar og leitast við að svara því hvort Ísland sé reiðubúið að taka á móti nýjum grænum orkusæknum iðnaði.

Kosningafundur SI

Kosningafundur SI með forystufólki stjórn-málaflokkanna var í beinni útsendingu frá Norðurljósum í Hörpu.

Kapphlaup að kolefnishlutleysi

Í aðdraganda Loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Glasgow 2021 bauð Breska sendiráðið á Íslandi í samstarfi við Bresk-íslenska viðskiptaráðið, Reykjavíkurborg, Grænvang, Samtök iðnaðarins og Festu til fundar með yfirskriftinni Kapphlaup að kolefnishlutleysi á Grand Hótel Reykjavík.



Frá fundinum Kapphlaup að kolefnishlutleysi. Pétur Blöndal, framkvæmdastjóri Samáls, Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI, og Lárus M.K. Ólafsson, viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði SI.

Tölvuleikjaiðnaður í sókn

Samtök leikjaframleiðenda og Samtök iðnaðarins efndu til fundar í beinu streymi frá Gósku um framtíðarhorfur og tækifæri í tölvuleikjaiðnaði.

Vaxtarsprotinn

Vaxtarsprotinn var afhentur í Kaffi Flóru í grasagarðinum í Laugardal í byrjun september. Það var fyrirtækið 1939 Games sem hlaut Vaxtarsprotann auk þess sem Coripharma og Algalíf hlutu viðurkenningar fyrir vöxt í veltu.



Frá afhendingu Vaxtarsprotans. Í neðri röð frá vinstri eru Jónína Guðmundsdóttir, forstjóri Coripharma, Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra, Guðmundur Kristjánsson, einn af stofnendum 1939 Games, Hekla Arnardóttir, stjórnarformaður 1939 Games, og Orri Björnsson, forstjóri Algalíf. Í efri röð frá vinstri eru Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI, Ingólfur Ævarsson, markaðsstjóri 1939 Games, Áni Sigurjónsson, formaður SI, Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, Fida Abu Libdeh, formaður Samtaka sprotafyrirtækja, og Lýður Skúli Erlendsson frá Rannís.

Auk þess voru fjölmargir rafrænir fundir fyrir félagsmenn á árinu þar sem meðal annars var fjallað um:

- Virðisaukandi arkitektúr
- Tækifæri í erlendu styrkjaumhverfi
- Kynningu á Tækniþróunarsjóði
- Vistvæna mannvirkjagerð
- Aðstöðustjórnun
- Fasteignatækniðnað
- Einnota plastvörur
- Fjárfestingar í sprotafyrirtækjum
- Eftirlit með byggingarvörum
- Rafíþróttir
- Nýja reglugerð um vinnustaðanám
- Áhrif Allir vinna á byggingarvísitöluna
- Framtíðarráðgjafann
- Mannvirkjalög
- Nýsköpun í mannvirkjagerð
- Útboðsmarkað rafverktaka
- Vistvæna mannvirkjagerð
- Útboðsmál
- Verktakarétt
- Reglur um sölu á vöru og þjónustu
- Öryggi og menningu á vinnustað
- Skattafrádrátt vegna hlutabréfakaupa
- Nýsköpunarstyrki

SI er sterkur bakhjarl

Samtök iðnaðarins koma að framkvæmd og styrkja margskonar verkefni í samstarfi við aðra í þeim tilgangi að styðja fjölbreytt málefni sem varða hag íslensks iðnaðar.

Auðna-Tæknitorg

Samtök iðnaðarins eru meðal stofnenda Auðnu-Tæknitorgs sem er tækniveita sem sinnir tækni- og þekkingaryfirfærslu úr vísindasamfélaginu yfir í frumkvöðlasamfélag og atvinnulíf, en tækniveitan var stofnuð árið 2018. Framkvæmastjóri SI er stjórnarmaður í Auðnu-Tæknitorgi.

Icelandic Startups

Samtök iðnaðarins eru meðal hluthafa í Icelandic Startups með það að markmiði að styðja við uppbyggingu á stuðningsumhverfi frumkvöðla og nýsköpunar á fyrstu stigum á Íslandi. Sviðsstjóri iðnaðar- og hugverka-sviðs SI situr í stjórn Icelandic Startups.

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands eru veitt árlega þeim námsmönnum sem hafa unnið framúrskarandi starf við úrlausn verkefnis sem styrkt var af Nýsköpunarsjóði námsmanna. SI styrkja Nýsköpunarsjóð námsmanna við veitingu Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands.

Nýsköpunarmót Álklasans

Mótið fór fram í beinu streymi frá Háskólanum í Reykjavík. Nýsköpunarmótið er samstarfsverkefni Álklasans, Samtaka álframleiðenda, Samtaka iðnaðarins, Háskólans í Reykjavík, Háskóla Íslands og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Á mótinu eru afhentar hvatningarviðurkenningar.

Team Spark

SI er bakhjarl Team Spark sem er lið nemenda við HÍ sem hanna og smíða rafkappakstursbíla til keppni á alþjóðlegum vettvangi í Formula Student keppninni, þar sem lið frá mörgum af bestu tækniháskólum heims keppast um að smíða besta kappakstursbílinn. Liðsmenn Team Spark hafa haldið kynningar í grunnskólum landsins, kynnt námið sitt og hvernig það tengist hönnun bílsins.

Ecotrophelia Ísland

SI, Matis og Nýsköpunarmiðstöð eru aðilar að Ecotrophelia Europe sem er alþjóðleg keppni háskólanema í nýsköpun í vistvænni matvælaframleiðslu. Lið Íslands í keppninni var skipað nemum úr matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands.

Hvatningarsjóður Kviku

Kvika, í samstarfi við Samtök iðnaðarins, veitti styrki til nema í iðn- og starfsnámi úr hvatningarsjóði sínum. Fyrsta úthlutun úr sjóðnum fór fram í október 2018. Að þessu sinni hlutu sex iðnnemar styrki og stunda þeir meðal annars nám í málaraíðn, húsgagnasmíði, húsasmiði, rafeindavirkjun og vélfræði. Markmið sjóðsins er að efla umræðu og vitund um mikilvægi iðn- og starfsnáms fyrir íslenskt atvinnulíf.

Hönnunarverðlaun Íslands

Samtök iðnaðarins eru meðal bakhjarla Hönnunarverðlauna Íslands. Að þessu sinni hlaut CCP viðurkenningu fyrir besta fjárfestingu í hönnun og ásynd „Hjaltalín – ∞“ hlaut Hönnunarverðlaun Íslands.

Listaháskóli Íslands

Samtök iðnaðarins gerðust aðili að Baklandi Listaháskóla Íslands árið 2021. Markmið Baklandsins er að efla og styrkja skólann. Bakland kys þrjá af fimm stjórnarmönnum Listaháskóla Íslands og hefur jafnframt það hlutverk að móta sér stefnu og markmið til stuðnings við starfsemi LHÍ á hverjum tíma.

Grænvangur

Samtök iðnaðarins eru meðal bakhjarla Grænvangs sem er samstarfsvettvangur atvinnulífs og stjórnvalda og tók til starfa 2019. Á árinu var undirritað samkomulag um starfsemi og fjármögnun Grænvangs til ársins 2026. Framkvæmdastjóri SI er formaður Grænvangs. Á árinu var gefinn út Lofslagsvegvisir atvinnulífsins þar sem öll helstu samtök atvinnurekenda tóku höndum saman um útgáfuna. Samtökin sem standa að útgáfunni auk Grænvangs eru Samtök iðnaðarins, Samorka, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök fjármálafyrirtækja, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök verslunar og þjónustu, Bændasamtökin og Stjórnvöld. Á árinu var auk þess opnuð margmiðlunarsýningin Græn framtíð í nýjum húsakynnum Grænvangs í Grósku. Þá efndi Breska sendiráðið á Íslandi til fundar með yfirskriftinni Kapphlaup að kolefnishlutleysi í samstarfi við Bresk-íslenska viðskiptaráðið, Reykjavíkurborg, Grænvang, Samtök iðnaðarins og Festu.



Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Eggert Benedikt Guðmundsson, þáverandi forstöðumaður Grænvangs.

Framfarasjóður SI

Framfarasjóður Samtaka iðnaðarins veitti fjórum verkefnum styrki á árinu að upphæð 8 milljónir króna. Við val á verkefnunum var horft til þess að þau efli menntun í iðn-, verk- og tæknigreinum, að um sé að ræða ný-

sköpun sem styrki framþróun í iðnaði og að þau leiði til framleiðniaukningar. Með vali á þessum verkefnum endurspeglast áherslur SI. Sjóðurinn var stofnaður árið 2016 í þeim tilgangi að skapa farveg sem styður við og

þróar framfaramál tengd iðnaði. Sjóðnum bárust átta umsóknir. Verkefnin fjögur: **Málarameistarafélagið** hlaut 1.000.000 króna styrk til þess að þýða, prenta og dreifa kynningarbæklingi sem á að tryggja að allir verkkaupar taki út vinnubrögð málara eftir samræmdum viðmiðunum. **Eiríkur Ástvald Magnússon og Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir** hlutu 2.000.000 króna styrk til að greina stöðu námsgagna og kennslu varðandi rakaöryggi bygginga og greina þarfor á gerð uppfærðra námsgagna á þessu sviði fyrir íslenskar aðstæður. **Qair Iceland** hlaut 2.500.000 króna styrk til rannsókna á laga- og reglugerðarumhverfi á Íslandi fyrir vetnis- og rafeldsneytisframleiðslu. **Starfsgreinahópur fyrirtækja í prentiðnaði** innan Samtaka iðnaðarins hlaut 2.500.000 króna styrk vegna fræðsluátaks um sjálfbærni pappírs- og prentiðnaðar. Fræðsluátakið er unnið í samstarfi við evrópsku samtökin Two sides og íslenska skógfræðinga.



Á myndinni eru Lilja Alfreðsdóttir, þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra, Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, Bergur Finnbogason, listrænn stjórnandi CCP, Sæmundur Hermannsson, vörumerkja-stjóri CCP, og Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, þáverandi iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.



Á myndinni eru, talið frá vinstri, Jón Svan Sverrisson, fjármálastjóri Svansprents, Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, Tryggvi Þór Herbertsson, formaður Qair Iceland, Jóhanna Klara Stefánsdóttir, sviðsstjóri mannvirkjasviðs SI, Eiríkur Ástvald Magnússon, byggingarverkfræðingur, Árni Sigurjónsson, formaður SI, Már Guðmundsson, formaður Málarameistarafélagsins, og Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI.



Iðnaðar- og hugverkasvið

Iðnaðar- og hugverkasvið sinnir fjölbreyttum greinum iðnaðar. Undir sviðið heyra félagsmenn og starfsgreinahópar í matvælaíðnaði, fjölbreyttum framleiðslugreinum, handverksgreinum, hugverkaiðnaði, allt frá tölvuleikjaframleiðslu til kvikmyndagerðar, orkusækinn iðnaður og sprotafyrirtæki. Iðnaðar- og hugverkasvið var sett á laggirnar á árinu 2021 og hefur verið unnið að því að auka skilvirkni, efla þjónustu við félagsmenn og samþætta áherslumál og verkefni fjölbreyttra greina iðnaðar. Á sviðinu er lögð rík áhersla á nýsköpun og orku-, umhverfis- og loftslagsmál.

Á iðnaðar- og hugverkasviði eru starfrækt þrjú ráð, **Matvælaráð SI**, **Framleiðsluráð SI** og **Hugverkaráð SI** og heyra fjölbreytt félög og starfsgreinahópar undir sviðið: Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Samtök gagnavera, Samtök leikjaframleiðenda, Samtök sprotafyrirtækja, Samtök fyrirtækja í líf- og heilbrigðistækni, Samtök upplýsingatækniyrirtækja, Samtök vetnis- og rafeldsneytisframleiðenda, Landssamband bakarameistara, Samtök mjólkur- og kjótvinnslufyrirtækja, Málmur – Samtök fyrirtækja í skipaiðnaði, Samtök skipaiðnaðarins, Meistarafélag bólstrara, Félag blikksmiðjueigenda, Ljósmyndarafélag Íslands, Klæðskera- og kjólarameistarafélagið, Félag íslenskra gullsmiða, Félag íslenskra snyrtifræðinga, Félag hársnyrtimeistara á Norðurlandi, og Tannsmiðafélag Íslands. Fjöldmörg önnur fyrirtæki, sem eiga beina aðild að SI, tilheyra iðnaðar- og hugverkasviði, meðal annars fyrirtæki í prentiðnaði, matvælaíðnaði og orkusæknum iðnaði.

Hugverkaráð SI leiðir málefnavinnu hugverkaiðnaðar en í ráðinu sitja fulltrúar starfsgreinahópa tölvuleikjaiðnaðar, upplýsingatækni, gagnaversiðnaðar, líf- og heilbrigðistækni og sprotafyrirtækja. Markmið Hugverkaráðs SI er að efla samkeppnishæfni hugverka og hátækniyrirtækja á Íslandi. Hugverkaiðnaður hefur verið í miklum vexti undanfarin ár og hefur nú fest sig í sessi sem fjórða útflutningsstoð Íslands. Hugverkaráð SI beitir sér meðal annars fyrir öflugum skattahvötum fyrir nýsköpun, rannsóknir og þróun, auknu aðgengi að fjármagni fyrir sprotafyrirtæki og að liðka fyrir komu erlendra sérfræðinga í sérhæfð störf hér á landi.

Matvælaráð SI var sett á laggirnar á árinu 2021 og í því sitja fulltrúar fyrirtækja í ýmsum greinum matvælaíðnaðar á Íslandi. Ráðinu er ætlað að vera vettvangur umræðu um stöðu matvælaíðnaðar á Íslandi, greininga og margvíslegrar stefnumótunar ólíkra matvæla- og drykkjarvöruframleiðenda innan SI. Markmið Matvælaráðs SI eru að efla ímynd íslenskra matvæla, auka skilvirkni í matvælaeftirliti með samræmdu verklagi og efla samkeppnishæfni íslenskra matvælaframleiðenda gagnvart erlendum framleiðendum. Telur ráðið mikilvægt að sækja fram enda eru mikil tækifæri í matvælaframleiðslu hér á landi.

Framleiðsluráð SI samanstendur af fulltrúum fjölbreyttra framleiðslufyrirtækja, meðal annars í orkusæknum iðnaði, málmíðnaði og prentiðnaði. Framleiðsluráð hefur beitt sér fyrir því að auka framleiðni og nýsköpun í framleiðslu, samfélagslegri ábyrgð, ímyndarmálum og



því að gera störf og menntun í iðngreinum og tækni eftirsóknarverð. Áskoranir í framleiðsluiðnaði, meðal annars vegna hækkandi flutnings- og hráefniskostnaðar, voru til umræðu á árinu. Með stofnun nýs Matvælaráðs SI stendur fyrir dyrum að endurskoða hlutverk og markmið Framleiðsluráðs SI. Stefnumótun og mótun áherslumála fer fram á árinu 2022.

Fjölbreytt stefnumótun og málefnavinna átti sér stað á árinu 2021. Sókn og vöxtur hugverkaiðnaðar á árinu var sérstakt fagnaðarefni á krefjandi tímum í íslensku atvinnulífi. Á sama tíma voru áskoranir í framleiðsluiðnaði og fleiri greinum, meðal annars vegna hækkandi hráefnis- og flutningskostnaðar. Staða orkumála var einnig áskorun á árinu en tilkynnt var um skerðingar á raforku til stórnotenda undir lok ársins. Stafrænir innviðir og samkeppnishæfni upplýsingatækni, gagnavers- og fjarskiptaiðnaðar voru einnig í forgrunni. Starfsmenn iðnaðar- og hugverkasviðs og félagsmenn eiga þátt í fjölmörgum samstarfsverkefnum og virkt samráð er við hagaðila og stofnanir um málefni og hagsmuni fjölbreyttra greina iðnaðar.



Mannvirkjasvið

Á mannvirkjasviði SI starfa fjölmörg fagfélög og starfsgreinahópar: SAMARK – samtök arkitektastofa, FRV – Félag ráðgjafarverkfræðinga, Félag vinnuvélaeigenda, Mannvirki – félag verktaka og Meistaradeild SI sem samanstendur af félögum iðnmeistara: Félag blikksmiðjueigenda, Félag dúklagninga- og veggfóðrarmeistara, Meistarafélag byggingarmanna í Vestmannaeyjum, Félag skrudgarðyrkjumeistara, Félag blikksmiðjueigenda, Málarmeistarafélagið, Meistarafélag byggingarmanna á Norðurlandi, Meistarafélag húsasmiða, Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði, Meistarafélag Suðurlands, Meistarafélag byggingarmanna á Suðurnesjum, Múrarmeistarafélag Reykjavíkur, Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda og SART – Samtök rafverktaka og átta undirfélög rafverktaka.

Mannvirkjaráð SI – Í ráðinu eru fulltrúar allra starfandi fagfélaga á sviðinu auk stjórnarmanna SI sem starfa í mannvirka- og byggingariðnaði. Hlutverk mannvirkjaráðs er að vera samstarfsvettvangur sem stuðlar að eflingu mannvirkjageirans, jákvæðri ímynd og heilbrigðu starfsumhverfi.

Starfsumhverfi byggingarmála – Á árinu urðu stórstígar framfarir í starfsumhverfi byggingariðnaðarins og bar þar hæst stofnun innviðaráðuneytis þar sem ný ríkisstjórn sameinaði byggingar-, mannvirka- og skipulagsmálin undir einn hatt. Einnig voru gerðar breytingar á byggingarreglugerðinni og lögum um mannvirki út frá hugmyndafræði um flokkun mannvirka. Fólu þær breytingar m.a. í sér að samkvæmt nýjum kafla 1.3 flokkast mannvirki og mannvirkjagerð nú í þrjá umfangsflokka eftir eðli, umfangi og samfélagslegu mikilvægi. Allir vinna átakið sem felur í sér 100% endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu, hönnun og eftirliti átti að taka enda um áramótin en rík áhersla var lögð á framlengingu verkefnisins sem úr varð. Lög um byggingarvísitöluna féllu niður um áramótin með þeim afleiðingum að virðisaukaskattur reiknast nú ekki lengur sem hluti af vísitölunni auk þess sem launalið vísitölnnar var breytt. Þetta mun koma í veg fyrir að breytingar á virðisaukaskatti t.d. með innleiðingu á „Allir vinna“ áttakinu hafi neikvæð áhrif á vísitöluna. Á árinu tók ASKUR-mannvirkjarannsóknasjóður til starfa en 40 aðilar sóttu um ríflega 454 milljón króna styrki en aðeins voru um 95 milljónir króna til úthlutunar. Mannvirkjaskrá HMS var tekin í notkun á árinu sem markaði stórt skref í átt að aukinni rafrænni stjórnsýslu. Þá hófst á árinu endurskoðun á kröfum í byggingarreglugerð um sementsmagn í steypu, en um er að ræða bæði nauðsynlega breytingu vegna umhverfisáhrifa auk þess sem alvarlegt hökt varð í aðfangakeðjunni vegna heimsfaraldurs, m.a. hvað varðar sement.

Mannvirkjasvið – Talning Samtaka iðnaðarins á íbúðarhúsnæði í byggingu fór fram tvisvar á árinu og í fyrsta sinn í samstarfi við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun þar sem Mannvirkjaskráin mun á næstu árum taka við. Talningar ársins undirstrikuðu að staðan á húsnæðismarkaði er alvarleg þar sem íbúðum í byggingu á höfuðborgarsvæðinu hefur fækkað samfellt frá því í mars 2019. Fulltrúar sviðsins skipa verkefnahóp á vegum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og Umhverfissráðuneytisins sem hefur verið falið að þróa veggvísir fyrir vistvæna mannvirkjagerð hér á landi til ársins 2030 undir heitinu Byggjum grænni framtíð. Kvörtun samtakanna til úrskurðarnefndar útboðsmála vegna ákvörðunar Reykjavíkurborgar um að bjóða ekki út viðhald og LED-væðingu á götulýsingu borgarinnar var staðfest á árinu og borginni gert að fara með verkefnið í útboð. Þá héldu á árinu áfram málaferli varðandi innviðagjöld Reykjavíkurborgar en málið er nú að fara fyrir Hæstarétt. Útboðsþing SI, Mannvirkis og Félags vinnuvélaeigenda fór fram á árinu og vakti eins og oft áður mikla athygli þar sem opinberir aðilar kynna fyrirhugaðar framkvæmdir á árinu. Þá var haldin vel sótt fundarðö um svokallaða fasteignatækni (Proptech) þar sem nýsköpunarfyrirtækjum í greininni gafst færi á að kynna hugmyndir sínar. Þá voru rafrænir fræðslufundir um kjarasamninga iðnaðarmanna, útboðsmál og verktakarétt mjög vel sóttir á árinu.

Öflug starfsemi innan félaga – Nokkur nýliðun varð innan meistarafélaga á árinu og af þeim var talsvert mikið af ungum meisturum í sjálfstæðum rekstri. Meistaradeildin, sem samanstendur af formönnum allra meistarafélaganna, fundaði á árinu og var unnið áfram í sameiginlegu verkefni meistaradeildarinnar sem nefnist meistarinn.is. Á meistarinn.is er hægt að finna menntaða iðnmeistara eftir landshlutum. Einnig er mikið af leiðbeiningagögnum á síðunni sem kemur almenningi vel ef þeir eru að undirbúa framkvæmdir. Keyrðar

voru tvær stórar herferðir á árinu til að kynna síðuna og vekja almenning til vitundar um að kaupa þjónustu af fagfólki. Meistarafélögin hafa á árinu tjáð sig um skipulagstillögur í sumum sveitafélögum í samvinnu við skipulags- og byggingafulltrúaembættin. Megináhersla meistarafélaga er á að sveitafélög bjóði uppá lóðir fyrir fjölbreytta mannvirkjagerð. SART hélt stóra ráðstefnu um útboðsmarkað rafverktaka í maí á árinu og fékk til sín fulltrúa frá Reykjavíkurborg, Ríkiskaupum o.fl. Þá fóru SART og Meistarafélag húsasmiða í stefnumótun á árinu auk þess sem félagsmenn innan þeirra raða tóku þátt í að skrifa undir fyrsta rafræna nemasamninginn í gegnum rafræna ferilbók sem og að skrá sig á birtingaskrá Menntamálastofnunar yfir fyrirtæki sem taka nema. Verkefni Mannvirkis, FRV og SAMARK um staðlaða gerð kostnaðaráætlana hélt áfram á árinu og stefnt er að því að kynna það verkefni formlega á þessu ári. FRV og samtökin gáfu á árinu út aðra útgáfu af skýrslu um ástand og framtíðarhorfur innviða á Íslandi og héldu stóran kynningarfund um niðurstöðurnar í Hörpu. Þá hélt FRV fund um innhýsingu hins opinbera á verkfræðiráðgjöf í samstarfi við Verkfræðingafélag Íslands. Samark fóru á árinu í kjaraviðræður við Arkitektafélag Íslands sem leiddi til þess að samningar arkitekta gengu inn í samning SA við BHM. Á árinu hefur SAMARK auk þess unnið mikið í athugasemdum og ábendingum um framkvæmd útboða og auknar kröfur um gagnaskil. Félag vinnuvélaeigenda hefur lengi unnið að því að koma á fót námi í jarðvirkjun sem að hófst á árinu. Þá hefur félagið einnig átt fulltrúa í ýmsum nefndum á árinu. Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda hefur unnið að því að draga saman og móta sjálfbærni viðmið fyrir íslenska framleiðslu á húsgögnum og innréttingum auk þess að taka saman tillögur að innkaupastefnu hins opinbera þegar kemur að íslenski framleiðslu.



Menntun

#FYRIR MIG

Samtök iðnaðarins beita sér fyrir umbótum í menntun landsmanna þar sem stefnt er að því að menntakerfið leiði saman færni mannauðsins og þarfir atvinnulífsins á skilvirkan og hagkvæman hátt.

Bein aðkoma SI að menntastofnunum



Þátttaka SI í verkefnum til að hvetja til iðn-, verk- og tæknimenntunar

Í kjölfar samkomulags SI, menntamálaráðuneytisins og Samband Íslenskra sveitarfélaga, undir heitinu #Fyrir mig, sem undirritað var í febrúar 2020, hafa átt sér stað mestu kerfisbreytingar á iðn- og starfsnámi sem um getur í seinni tíð.

Ný reglugerð um vinnustaðanám tók gildi 1. ágúst 2021 þar sem eru tilgreindar tvær leiðir í vinnustaðanámi. Annars vegar hefðbundin iðnmeistaraleið og hins vegar skólaleið sem er ný, en með henni er hægt að grípa til ráðstafana ef nemandi kemst ekki á hefðbundinn iðnmeistarassamning til að tryggja námslok. Með breytingu á reglugerð á vinnustaðanámi sem #Fyrir mig verkefnahópurinn hefur unnið að koma skólarnir til með að bera ábyrgð á því að útvega nemendum sínum meistarassamning, sem er forgangsleið samkvæmt reglugerðinni, eða skólaleið og tryggja þar með útskrift. Tímalengd vinnustaðanáms-samnings er látin miðast við hæfni nemenda en ekki fjölda vikna á vinnustað. Hér er um mikla breytingu að ræða frá núverandi kerfi og eru bundnar vonir við að samstarf atvinnulífs og skóla eflist.

Forsenda þess að vel takist til varðandi þessar breytingar er innleiðing á rafrænum ferilbókum. Starfsgreinaráðin hafa nú nýlengi við að endurnýja starfálýsingar og hæfnikröfur sem rafrænu ferilbækurnar byggja á og er notkun hafin á fyrstu bókunum, þar sem þegar er byrjað að skrá hæfni nemenda. Menntamálastofnun hefur umsjón með ferilbókunum í nánú samstarfi við atvinnulífið.

Fulltrúar atvinnulífsins eru sammála um mikilvægi vinnustaðanáms í iðnnámi og telja mikilvægt að fyrirtæki í iðngreinum hafi aðgang að sameiginlegri þjónustu sem miðar að því að efla gæði vinnustaðanáms og styrkja hlutverk fyrirtækja að þjálfa nema í vinnustaðanámi. Samtök iðnaðarins munu beita sér fyrir samstarfsvettvangi atvinnulífs, skóla og stjórnvalda um skipulag og framkvæmd vinnustaðanáms í iðngreinum á næstu misserum.

SI á fulltrúa í stjórn Rannsóknarstofu um verk- og starfsmenntun, RannVerk, sem heyrir undir menntavísindasviði Háskóla Íslands. Ýmsar málstofur og málþing hafa verið haldin á vegum RannVerk á árinu 2021 og er frekara samstarf Rannsóknarstofunnar og Samtaka iðnaðarins í bígerð á árinu 2022.

Hvatningsarsjóður Kviku – Samtök iðnaðarins og mennta- og menningarmálaráðuneytið eru samstarfsaðilar Kviku banka í hvatningsarsjóði Kviku. Markmið sjóðsins er að efla umræðu og vitund um mikilvægi iðn- og kennaranáms og þýðingu starfa sem því tengjast fyrir íslenskt atvinnulíf.

Stelpur og tækni – Girls in ICT Day er hluti af alþjóðlegu átaki og haldið undir nafninu Stelpur og tækni. Að verkefninu standa Háskólinn í Reykjavík, Skýrslutæknifélag Íslands og Samtök iðnaðarins. Verkefnið vekur athygli á fjölbreyttum möguleikum í tækninámi og störfum þar sem áherslan er lögð á að brjóta niður staðalímyndir. Verkefnið er einnig í samræmi við það markmið í menntastefnu SI að auka áherslu á færni til framtíðar í menntakerfinu.

Team Spark – SI eru bakhjarl Team Spark, liðs verkfræðinema við HÍ, og hefur liðið komið að ýmsum verkefnum innan samtakanna. Má þar helst nefna kynningar á vegum GERT verkefnisins. Markmið kynninganna er að ýta undir áhuga á raunvísindum og tækni hjá grunnskólanemum.

Meðal samstarfsaðila SI í menntamálum má nefna:





Innviðir

Samtök iðnaðarins beita sér fyrir umbótum á innviðum landsins þar sem stefnt er að því að þeir séu í góðu ástandi og uppfylli þarfir atvinnulífs og almennings. Framtíðarsýn stjórnar SI felst í því að innviðir Íslands séu samkeppnishæfir á við það sem best gerist í öðrum löndum, en innviðir spila lykilhlutverk í verðmætasköpun iðnfyrirtækja.

Í upphafi árs kynntu fulltrúar opinberra aðila fyrirhugaðar verklegar innviðaframkvæmdir fyrir samtals 139 milljarða króna sem er tæpum 8 milljörðum króna hærri upphæð en kynnt var á Útboðsþingi SI 2020. Boðaðar framkvæmdir voru umfangsmeiri samanborið við fyrri ár, að 2020 undanskildu. Fyrirhugað var að framkvæmdirnar myndu nema um 4,5% af landsframleiðslu en aukið umfang er jákvætt í ljósi þess að innviðaframkvæmdir eru fjárfesting í lífsgæðum þjóðarinnar, samkeppnishæfni atvinnulífsins og hagvexti framtíðarinnar.

Samtök iðnaðarins og Félag ráðgjafaverkfræðinga kynntu á árinu nýja skýrslu, „Innviðir á Íslandi – ástand og framtíðarhorfur“, sem fylgir eftir samskonar skýrslu frá árinu 2017. Skýrslurnar hafa reynst mikilvægt framlag til málaflokksins enda hafa fjárfestingar í innviðum aukist verulega frá því að fyrri skýrslan

kom út. Skýrsla þessa árs sýnir svart á hvítu hve brýn þörf er á áframhaldandi innviða-uppbyggingu og ekki síður að viðhaldi sé sinnt svo ástand innviða geti talist viðunandi. Af öllum þáttum innviða er ástand vegakerfis einna verst, en í skýrslunni kemur fram að stórir hlutar þjóðvegakerfisins uppfylla ekki lágmarksviðmið sem lúta að þáttum er varða gæði vega.

Í umsögn SI um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2022 lögðu samtökin fram tillögur sem sneru að því að efnislegir innviðir skuli styðja við öfluga verðmætasköpun fyrirtækja. Meðal tillagna er m.a. að fjárfesting í innviðum þurfi alltaf að mæta þörfum atvinnulífsins og að áhersla sé lögð á fjárfestingu sem skapar mestan þjóðhagslegan ávinning. Viðhaldi á innviðum hins opinbera þarf að vera nægjanlega vel sinnt og leggja þarf áherslu á að auka viðhald á þeim innviðum sem eru með mest uppsafnaða viðhaldspörf og í verstu ásigkomulagi sbr. skýrslu SI og FRV. Þá leggja SI einnig áherslu á að samvinnuleið hins opinbera og einkaaðila við uppbyggingu innviða sé nýtt.

Í fjármálaáætlun 2022–2026 er gert ráð fyrir að hlutdeild fjárfestinga hins opinbera í landsframleiðslu muni lækka á næstu árum, m.a. vegna mikilla lækkana í fjárfestingum og samgöngumannvirkjum. Samtökin bentu á að ekki mætti myndast viðlíka ástand og á árunum eftir efnahagsáfallið 2008 þar sem litlum fjármunum var varið í fjárfestingar og viðhald innviða. Niðurskurður á þessu sviði þýðir að ástand innviða mun lítið lagast sem aftur kemur niður á lífsgæðum almennings og verðmætasköpun atvinnulífsins.

Undanfarin ár hafa samtökin talað fyrir mikilvægi þess að sameina innviða-, mannvirkja-, og skipulagsmál undir eitt innviðaráðuneyti og var lögð rík áhersla á það í aðdraganda alþingiskosninga sem svo varð þegar ný ríkisstjórn var mynduð. Mikil tækifæri liggja í umbótum í skipulagsmálum hjá bæði ríki og sveitarfélögum en óhætt er að fullyrða að sameining málaflokksins undir eitt innviðaráðuneyti ætti að auðvelda slíkar breytingar til muna. Einnig var lögð rík áhersla á áframhald á Allir vinna átakinu þar sem endurgreiðsla virðisaukaskatts af vinnu á verkstað, hönnun og eftirliti var færð upp í 100% en átakið var sett í gang sem viðbrögð stjórnvalda við heimsfaraldrinum. Átakinu átti að ljúka um áramótin 2021/22 en var framlengt til loka ágúst 2022.

Líkt og fyrri ár stóðu Samtök iðnaðarins fyrir talningu á íbúðum í byggingu á landinu. Niðurstöður talninganna staðfestu það sem SI hafa lengi bent á – að ekki sé nægilega mikið byggt af íbúðarhúsnæði. Þrátt fyrir að hægt hafi á samdrætti í byggingu íbúðarhúsnæði á milli ára þá hefur íbúðum í byggingu á höfuðborgarsvæðinu fækkað samfellt frá því í mars 2019. Verð á íbúðarhúsnæði hefur verið í samfelldum hækkunartakti frá því að stýrivextir voru lækkaðir verulega í upphafi heimsfaraldurs og vöntun á íbúðum kyndir enn frekar undir verðhækkanir.





Nýsköpun

Umgjörð og skilyrði til nýsköpunar á Íslandi hefur tekið miklum jákvæðum breytingum á síðustu árum. SI hafa lagt ríka áherslu á eflingu nýsköpunar og hvatt stjórnvöld til þess að skapa skilyrði fyrir því að nýsköpun verði drifkraftur framtíðarvaxtar á Íslandi. Með aukinni nýsköpun, meðal annars fjárfestingu í rannsóknum og þróun, verða til ný og verðmæt störf og auknar útflutningstekjur.

SI héldu áfram að beita sér fyrir eflingu nýsköpunar með margvíslegum hætti, meðal annars með erindum á ráðstefnum, viðtölum í fjölmiðlum, greiningum og stefnumótun. Samtökin hafa haldið nokkra viðburði tengda nýsköpun á árinu, meðal annars kynningarfundum um skattafrádrátt vegna fjárfestinga einstaklinga í sprotafyrirtækjum og evrópska styrki til nýsköpunar og Horizon Europe. Þá héldu samtökin fund með SFS um nýsköpun á mörkum sjávarútvegs og iðnaðar. Á árinu var Vaxtarsprotinn veittur í 15. sinn en verkefnið er samstarfsverkefni SI, SSP, Rannís og HR. Vaxtarsprotinn er veittur því nýsköpunarfyrirtæki sem sýnir mestan hlutfallslegan vöxt í veltu á milli ára en met var slegið í veltuaukningu að þessu sinni. Fulltrúi SI sótti nýsköpunarráðstefnuna SLUSH í Finnlandi á árinu og unnið var í fjölmörgum verkefnum á sviði nýsköpunar á vettvangi Samtaka sprotafyrirtækja.

SI fögnuðu stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar

Stjórnarsáttmáli nýrrar ríkisstjórnar sem kynntur var í nóvember er fagnaðarefni með tilliti til nýsköpunar og sóknar í hugverkaíðnaði. Öflug framtíðarsýn er sett fram í stjórnarsáttmálanum og verkefni á sviði iðnaðar og nýsköpunar eru framfaraskref.

Ber hæst að nefna að endurgreiðslur vegna

rannsókna og þróunar verða framlengdar og tímabundin hækkun endurgreiðsluhlutfalls verður gerð varanleg. SI hafa lagt ríka áherslu á þetta, enda hefur fjárfesting í rannsóknum og þróun aukist síðustu misseri vegna aukinna skattahvata. Á árinu fór fram greining á vettvangi SI á áhrifum af auknum skattahvötum vegna rannsókna- og þróunar sem sýndi jákvæð tengsl aukinna skattaívilnana og fjölgunar verðmætra starfa í hugverkaíðnaði.

Samkeppnissjóðir á sviði rannsókna og nýsköpunar voru efldir enn frekar á árinu og hefur aðsókn aukist umtalsvert.

Reglugerð um Kríu, sprotu- og nýsköpunarsjóð, var sett á árinu. Kría er sjóður í eigu ríkisins sem fjárfestir í sérhæfðum fjárfestingarsjóðum sem fjárfesta í sprotafyrirtækjum. Kríu er ætlað að efla fjárfestingarumhverfi sprotu- og nýsköpunarfyrirtækja á Íslandi. SI hafa á síðustu árum lagt áherslu á að stjórnvöld skapi umgjörð sem auki framboð af fjármagni til nýsköpunarfjárfestinga hér á landi.

SI héldu áfram að beita sér fyrir því að liðað verði fyrir komu sérfræðinga til Íslands. Skortur á sérfræðipekkingu hefur verið hindrun í vexti fyrirtækja. Um þessar mundir stendur yfir greining á mannaflaþörf á þessu sviði. Þá hélt samstarfsverkefni SI og Íslandsstofu, Work in Iceland, áfram á árinu.

Fulltrúar SI í nýsköpunarsamstarfi

SI er aðili að ýmsum samstarfsverkefnum í þágu eflingar nýsköpunar hér á landi. Framkvæmdastjóri SI er stjórnarformaður Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, fjárfestingasjóðs sem tekur virkan þátt í þróun og vexti íslensks atvinnulífs með því að fjárfesta í vænlegum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum.

Fulltrúi SI er varamaður í tækninefnd Vísinda- og tækniráðs og varamaður í Vísinda- og tækniráði, fyrir hönd Samtaka atvinnulífsins.

SI er hluthafi í Icelandic Startups með það að markmiði að styðja við uppbyggingu á stuðningsumhverfi frumkvöðla og nýsköpunar á fyrstu stigum á Íslandi. Sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI situr í stjórn Icelandic Startups.

SI tilnefna fulltrúa í stjórn Tækniþróunarsjóðs og situr fulltrúi SI jafnframt í ráðgefandi fagnefnd Rannís við mat á rannsóknar- og þróunarverkefnum sem endurvakin var árið 2019.

Framkvæmastjóri SI er auk þess stjórnarformaður í Auðnu-Tæknitorgi, tækniveitu sem sinnir tækni- og þekkingayfirfærslu úr vísindasamfélaginu yfir í frumkvöðlasamfélag og atvinnulíf, en tækniveitan var stofnuð árið 2018.



Starfsumhverfi

Samtök iðnaðarins beita sér fyrir að starfsumhverfi fyrirtækja sé samkeppnishæft og renni þannig stoðum undir öflugan iðnað hér á landi. Samtökin hafa lagt áherslu á að starfsumhverfið sé stöðugt, hagkvæmt og skilvirkt í samanburði við starfsumhverfi fyrirtækja í löndum samkeppnisaðila.

Stöðugleiki

Á árinu 2021 lögðu Samtök iðnaðarins áherslu á að hagstjórnartækjunum sé beitt af fullum þunga til að draga úr þeim neikvæðu áhrifum sem COVID-19 faraldurinn hefur haft á efnahagslíf landsmanna. Lögðu samtökin áherslu á að opinber fjármál væru nýtt til að verja lífskjör og veita viðspyrnu fyrir nýtt hagvaxtarskeið. Samtökin hafa bent á að samhliða þessum aðgerðum þurfi að tryggja að opinberar skuldbindingar séu viðráðanlegar til skemmri og lengri tíma og leggi ekki ósanngjarna byrði á herðar komandi kynslóða.

SI bentu á að stöðugleikinn sem stjórnendur fyrirtækja sækjast eftir sé fjölbættur. Krafan um stöðugleika felur m.a. í sér að hagsveiflur séu ekki miklar, verðbólga lág og gengi gjaldmiðilsins stöðugt. Einnig er krafan sú að vinnumarkaðurinn sé stöðugur, í landinu sé pólitískur stöðugleiki og laga- og reglugerðarumhverfi sé stöðugt. Viðtækur stöðugleiki er því forsenda blómlegs atvinnulífs.

Samtökin lögðu einnig áherslu á að tækjum peningastjórnunar væri beitt til að milda niðursveifluna og skapa grundvöll vaxtar. Bentu samtökin á mikilvægi þess að Seðlabankinn héldi vöxtum lágum, tryggði virkni miðunarferils stýrivaxta til fyrirtækja og heimila auk þess að tryggja greiðan aðgang þessara aðila að fjármagni.

Árið 2021 var ár mikillar niðursveiflu í íslensku efnahagslífi. Ljóst er að aðgerðir á sviði opinberra fjármála og peningamála hafa mildað niðursveifluna og gert það að verkum að fyrirtæki í iðnaði og í öðrum greinum eru betur í stakk búin til skapa efnahagsuppsveiflu.

Hagkvæmni

Samtökin lögðu mikla áherslu á það á síðasta ári að létta álögum af fyrirtækjum. Mikil áhersla var á að hið opinbera létti undir með fyrirtækjum með því m.a. að lækka skatta og gjöld. Áherslan hefur m.a. verið á lækkun tryggingagjalds og lækkun fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði. Lækkaði tryggingagjaldið tímabundið á árinu og fasteignaskattar nokkurra sveitarfélaga voru einnig lækkaðir.

Samtökin beittu sér jafnframt fyrir því að stöðuleyfisgjöld sveitarfélaga yrðu lækkuð og framkvæmdin yrði í samræmi við lög. Áfanga-sigur vannst í því þegar úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála taldi framkvæmd Hafnarfjarðarkaupstaðar við innheimtu stöðuleyfisgjalda vegna gáma ekki vera í samræmi við lög. Í kjölfarið beindu samtökin áskorun til annarra sveitarfélaga að taka innheimtu stöðuleyfisgjalda sinna til endurskoðunar. Einnig gerðu samtökin athugasemdir við einstaka gjaldskrárhækkanir opinberra aðila, þar á meðal gjaldskrárhækkun Sorpu og sendu í kjölfarið ábendingu til Samkeppnis-eftirlitsins vegna málsins.

Samtökin hafa ítrekað bent á þörfina fyrir lækkun fjármagnskostnaðar og að framboð lánsfjár sé nægt. Seðlabankinn hélt stýrivöxtum bankans sögulega lágum fram eftir árinu eftir umtalsverða lækkun frá árinu 2019. Samhliða vaxandi verðbólgu og viðsnúningi hagkerfisins frá samdrætti yfir í hagvöxt tók bankinn að hækka vexti að nýju á seinni hluta ársins. Þrátt fyrir hækkunina héldust vextir sögulega lágir.

Skilvirkni

Ein grundvallarforsenda bættrar samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja er að starfsumhverfi fyrirtækja sé skilvirkt í samanburði við önnur lönd og hafa samtökin á árinu lagt ríka áherslu á að jafnræðis sé gætt. Áhersla hefur verið á að dregið sé úr samkeppnisrekstri opinberra aðila og þess sé gætt að ríkið raski ekki með ólögumætum hætti samkeppni á markaði. Samtökin leggja áherslu á að stjórnvöld gæti að samevrópskum ríkis- aðstoðar- og samkeppnisreglum. Áhersla er á að stjórnvöld stuðli að bættri samkeppni með aukinni útvistun verkefna og virkum útboðsmarkaði. Mikilvægt er að hugað sé að hagsmunum framleiðenda og tryggt að þeir geti tekið þátt í útboðum til jafns við aðra. Áhersla samtakanna er á að leikreglur séu skýrar og það sé tryggt að allir starfi eftir sömu leikreglum. Samtökin hafa því á árinu lagt áherslu á að bæta regluverk, tryggja skilvirkara eftirlit, m.a. á lögverndun iðngreina, og stytta málsmeðferðartíma opinberra eftirlitsaðila. Slíkar aðgerðir stuðla að skilvirku starfsumhverfi fyrirtækja og hafa Samtök iðnaðarins beitt sér gagnvart stjórnvöldum fyrir aðgerðum í þá veru.

Lögfræðileg málefni

Samtök iðnaðarins veita félagsmönnum ráðgjöf og aðstoð í lögfræðilegum málefnum. Í því felst að fyrirtæki, samtök fyrirtækja eða starfsgreinahópar SI geta leitað til lögfræðings SI þegar lögfræðilegt álitaefni kemur upp. Álitaefnin eru fjölbreytt og geta varðað sértæk álitaefni einstakra fyrirtækja eða málefni starfsgreina eða iðnaðarins í heild.

Á árinu voru veittar umsagnir í eftirtöldum málum.

151. löggjafarþing 2020–2021

1. Umsögn um áform um breytingu á lögum um tryggingagjald, nr. 113/1990, 22. mál.
2. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003 (hvatar til fjárfestinga), 399. mál.
3. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 370. mál.
4. Umsögn SI og SVP um frumvarp til laga um breytingu um breytingu á lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, 505. mál.
5. Umsögn SI um frumvarp til laga um áfengislög (sala á framleiðslustað), 504. mál.
6. Umsögn SA og SI um frumvarp til laga um fjarskiptastofu, 506. Mál og frumvarp til laga um breytingar á lögum um pósthjónustu og lögum um Byggðastofnun, 534. mál.
7. Umsögn SI um frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 og lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008 (aðgangsskilyrði), 536. mál.
8. Umsögn SI um frumvarp til laga um breytingu á lögum um matvæli (sýklalyfjanotkun) , 140. mál.
9. Umsögn SI um frumvarp til laga um fiskeldi, matvæli og landbúnað (einföldun regluverks), 549. mál.
10. Umsögn SI um frumvarp um breytingu á ýmsum lögum vegna stuðnings við smærri innlenda áfengisframleiðendur (áfengisgjald, sala áfengis á framleiðslustað.), 495. mál.
11. Umsögn SI og SÍK um frumvarp um tímabundnar endurgreiðslur til kvikmyndagerðar á Íslandi, 604. mál.
12. Umsögn SI um frumvarp til laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki (varanleg hækkun), 544. mál.
13. Umsögn SA og SI um frumvarp til laga um brottfall laga um vísitölu byggingarkostnaðar nr. 42/1987. 605. mál.

14. Umsögn SI um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2022-2026, 627. mál.
15. Umsögn SI um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, lögum um stofnun Landsnets hf. o.fl., 628. mál.
16. Umsögn SI um frumvarp til laga um breytingar á lögum um einkaleyfi, nr. 17/1991 (undanþága frá viðbótarvernd), 616. mál.
17. Umsögn SI og SA um frumvarp til laga um um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011, og tillögu til þingsályktunar um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands, 709. mál.
18. Umsögn SI um tillögu til þingsályktunar um endurskoðaða landsskipulagsstefnu 2015–2026, 705. mál.
19. Umsögn SI um frumvarp til laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, 712. mál.
20. Umsögn SI um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 70/2012 um loftslagsmál, 711. mál.
21. Umsögn SI um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni (iðnaðarhampur), 644. mál.
22. Umsögn SA, SI, SVÞ um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994 (rafrænar húsfundir og fjölbreytt húsnæði), 748. mál.

152. löggjafarþing 2021–2022

23. Umsögn SI um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2022, 1.-3. mál.
24. Umsögn SA, SI og VÍ um frumvarp til laga um breytingu á lögum fjarskipti, 169. mál

Samráðsgátt

25. Umsögn SI um breytingar á einkaleyfalögum, nr. 17/1991 (undanþága frá viðbótarvernd einkaleyfa vegna framleiðslu og útflutnings samheitalyfja), mál nr. 268/2020.
26. Umsögn SI og SÍK um drög að frumvarpi til breytinga á lögum nr. 43/1999 um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi (tilgreining kostnaðarliða, eftirlit o.fl.), mál nr. 269/2020.
27. Umsögn SI um drög að reglum vegna styrkveitinga til eflingar hringrásarhagkerfisins með grænni nýsköpun, mál nr. 276/2020.
28. Umsögn SI um áform um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 70/2012 um loftslagsmál, mal nr. 10/2021.
29. Umsögn SA og SI um áform um lagasetningu, Brottfall laga um vísitölu byggingarkostnaðar, mál nr. 17/2021.
30. Umsögn SA, SI, SFS, SAF, SFS um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum vegna innleiðingar hringrásarhagkerfis, mál nr. 11/2021.
31. Umsögn um drög að breytingu á lögum nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun, mál nr. 19/2021.
32. Umsögn SA og SI um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994, mál nr. 13/2021.
33. Umsögn SI um drög að frumvarpi til laga um breytingu á raforkulögum, lögum um stofnun Landsnets hf. o.fl., mál nr. 32/2021.
34. Umsögn SI um drög að frumvarpi til laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana, mál nr. 30/2021.
35. Umsögn SI um drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 70/2012 um loftslagsmál, mál nr. 37/2021.
36. Umsögn um drög að stefnu um meðhöndlun úrgangs 2021–2032, mál nr. 6/2021
37. Umsögn SI og SA um frumvarp til laga um brottfall laga um vísitölu byggingarkostnaðar, nr. 42/1987, mál nr. 46/2021.
38. Umsögn SI um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni (iðnaðarhampur), mál nr. 56/2021.
39. Umsögn SI um drög að frumvarpi til breytinga á einka- leyfalögum, nr. 17/1991 (Undanþága frá viðbótarvernd), mál nr. 53/2021.
40. Umsögn SI og SA um drög að frumvarpi til laga um Vísinda- og nýsköpunarráð, mál nr. 73/2021.
41. Umsögn SI um drög að reglugerð um (3.) breytingu á reglugerð nr. 1294/2014, um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, mál nr. 74/2021.
42. Umsögn SI, SA og VÍ um frumvarp um eignarráð og nýting fasteigna (landamerki, óskipt sameign, forkaupsréttur, aðilar utan EES), mál nr. 91/2021.
43. Umsögn SI um drög reglugerðum um viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir, mál nr. 88/2021.

44. Umsögn SI og SA um drög að reglugerð um birtingu upplýsinga úr gagnagrunni almennra fjarskiptaneta, mál nr. 106/2021.
45. Umsögn SI og SA um hvítbók um byggðamál, mál nr. 115/2021.
46. Umsögn SI um almenna eigandastefnu ríkisins fyrir öll félög í eigu ríkisins, mál nr. 103/2021.
47. Umsögn SI og SMK um Ræktum Ísland! Umræðuskjal um landbúnaðarstefnu fyrir Ísland, mál. nr. 109/2021.
48. Umsögn SA, SAF, SFS, SI og SVP um hvítbók um aðlögun að loftslagsbreytingum – Drög að stefnu, mál nr. 129/2021.
49. Umsögn SI um drög að stefnu um notkun skýjalausna, mál nr. 156/2021.
50. Umsögn SI um drög að reglugerð um (11.) breytingu á byggingarreglugerð nr. 112/2012, mál nr. 163/2021.
51. Umsögn SI um drög að reglugerð um niðurdælingu koldíoxíðs, mál nr. 166/2021.
52. Umsögn SI, SA og IGI um drög að stefnu um rafleiki/ rafíþróttir, mál nr. 213/2021.
53. Umsögn SI um drög að reglugerð um Kvikmyndasjóð, mál nr. 220/2021.
54. Umsögn SI og SA áform um frumvarp til sóttvarnarlaga, mál nr. 226/2021.

Annað

55. Umsögn SI um viðauka við Landslagsskipulagsstefnu 2015-2026
56. Umsögn SI um drög að leiðbeiningu HMS um rafrænar undirskriftir.
57. Umsögn SA og SI um stefnu Fjarskiptastofu.
58. Umsögn SI um raforkugerðir í hreinorkulöggjöf ESB.
59. Umsögn SI um tilskipun ESB um aukna hlutdeild endurnýjanlegrar orku

Umsagnir SI má finna á vef samtakanna, www.si.is



Orka og umhverfi

Samtök iðnaðarins hafa undanfarin ár beitt sér af auknum þunga á málefnasviði orku og umhverfis, með áherslu á að bæta starfsskilyrði fyrirtækja hvað varðar raforkumál og efla samtal atvinnulífs og stjórnvalda til að ná sameiginlega markmiðum í umhverfis- og loftslagsmálum. Framtíðarsýn samtakanna er skýr í þessum málum og felst í því að Ísland sé og verði áfram fyrirmynd annarra þjóða í umhverfis- og orkumálum sem mun skapa íslenskum iðnaði samkeppnisforskot. Sú sýn er einnig í samræmi við áherslur aðildarfyrirtækja að SI verði leiðandi afl á þessu sviði og í opinberri umræðu.

Loftslagsvegvisir atvinnulífsins

SI, ásamt Samorku, Samtökum ferðapjónustunnar, Samtökum fjármálafyrirtækja, Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtökum iðnaðarins, Samtökum verslunar og þjónustu, Bændasamtökum Íslands og Grænvangi stóðu að útgáfu Loftslagsvegvisis atvinnulífsins sem gefinn var út í júní 2021. Markmið vegvisisins er að draga fram þær áskoranir sem atvinnulífið stendur frammi fyrir hvað varðar loftslagsmál sem og tækifæri á því sviði. Áhersla er einnig á þær hindranir sem stafa af regluverki eða ákvörðun stjórnvalda. Samandregið liggja helstu tækifæri atvinnulífs í fjárfestingum í orkuskiptum og nýsköpun í framleiðslu. Þá er undirstrikað mikilvægi þess að regluverk, stjórnsýsla og eftirlit standi ekki í vegi fyrir jákvæðum umbreytingum fyrirtækja á sviði umhverfis- og loftslagsmála, heldur styðji við slíka umbreytingu. Stefnt er að áframhaldandi vinnu vegvisisins með útgáfu í huga árið 2022.



Erlent samstarf um grænar lausnir

SI skipulagði og tók þátt í ýmsum viðburðum á árinu á vettvangi orku- og umhverfismála. Þar má helst nefna að SI, í samvinnu við systursamtök í Danmörku og dönsk stjórnvöld, skipulögðu hér á landi ráðstefnu á sviði grænna lausna og var danski krónprinsinn meðal þátttakenda. Félagsmenn SI tóku virkan þátt í viðburðinum og flutti framkvæmdastjóri SI erindi við opunarathöfn ráðstefnunnar. Þá tóku SI einnig þátt í skipulagningu á viðburði í samvinnu við breska sendiráðið o.fl. um kapphlaup að kolefnishlutleysi. Fulltrúar aðildarfyrirtækja SI voru með erindi á þeim vettvangi sem haldinn var í aðdraganda COP26, loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna.

Sameiginlegur fundur um grænan iðnað

Samtök iðnaðarins og Landsvirkjun héldu sameiginlegan fund í Hörpu í júní um ýmis tækifæri fyrir nýjan orkusækinn iðnað hér á landi. Á fundinum sem bar yfirskriftina Sækjum tækifærin saman var horft til framtíðar og leitast við að svara því hvort Ísland væri reiðubúið að taka á móti nýjum grænum orkusæknum iðnaði líkt og stórum gróðurhúsum, ofurgagnaverum, rafeldsneytisvinnslum eða rafhlöðuverksmiðjum. Einnig var tekið til skoðunar álitamál á borð við hvort til staðar væru innviðir sem þarf, hvernig tryggja eigi aðstöðuna, orkuna og samstarf fyrirtækja, ríkisvalds, sveitarstjórna og annarra sem málið snertir. Í tengslum við fundinn stóðu Samtök iðnaðarins og Landsvirkjun einnig að sameiginlegum greinaskrifum.

Raforkumál

Sem fyrr hafa SI lagt ríka áherslu á raforkumál. Á árinu hafa samtökin fylgt eftir áherslumálum þeim sem sett voru m.a. fram í raforkuskýrslu samtakanna árið 2019 en mörg þeirra mála eru núna til skoðunar eða í ferli hjá stjórnvöldum. Á árinu lögðu SI áherslu á afmörkuð áherslumál á sviði raforkumála og eru stjórnvöld að vinna að breytingum í takti við þær áherslur. Þannig eru til skoðunar breytingar á gjalddöku milli-stórra notenda. Þá er unnið að því mikilvæga atriði að skilja á milli eignarhalds raforkuframleiðenda í Landsneti. Einnig má nefna að breytingar hafa verið gerðar á raforkulögum er viðkemur tekjumörkum sérleyfisfyrirtækja sem og heimildar til handa fyrirtækjum að framleiða raforku sem verður til í starfsemi fyrirtækja. SI munu áfram beita sér fyrir frekari breytingum á raforkulögum í átt að skilvirkara og samkeppnishæfara starfs-umhverfi á sviði raforkumála.



Ímynd

Samtök iðnaðarins beita sér fyrir jákvæðri ímynd íslensks iðnaðar þar sem allar helstu leiðir eru nýttar til að koma skilaboðum á framfæri, líkt og greinar, viðtöl, fréttatilkynningar, skýrslur, greiningar og annað kynningarefni.

Markmiðið er að Íslendingar séu stoltir af íslenskum vörum og fyrirtækjum. Til að ná því markmiði miðla Samtök iðnaðarins upplýsingum um mikilvægi íslensks iðnaðar fyrir hagkerfið og hversu fjölbreyttur iðnaðurinn er. Unnið er með allar helstu markaðsleiðir. Miðlað er gæðum, uppruna og hreinleika íslenskra framleiðsluvara og nýttar eru hefðbundnar og óhefðbundnar leiðir til að koma skilaboðunum á framfæri til ákveðinna markhópa.

Íslenskt – láttu það ganga

Samtök iðnaðarins tóku þátt í samstarfsverkefni atvinnulífs og stjórnvalda, Íslenskt – láttu það ganga, þar sem vakin var athygli á þeirri hringrás sem knýr hagkerfið þegar valin er innlend vara eða þjónusta og þau keðjuverkandi áhrif sem það hefur. Samstarfsverkefninu lauk um áramótin. Átakið sem hófst 2020 var hugsað sem aðgerð á tímum COVID-19 og ætlað að verja störf og auka verðmætasköpun. Upplýsingar um verkefnið er hægt að nálgast á vefsíðunni gjoridsvovel.is. Að atakinu stóðu auk Samtaka iðnaðarins, Samtök atvinnulífsins, Samtök verslunar og þjónustu, Samorka, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök fjármálafyrirtækja, Bændasamtök Íslands og atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytið.



Meistarinn.is

Á árinu var vakin athygli á mikilvægi þess að leitað sé til faglærðra félagsmanna meistarafélaga innan Samtaka iðnaðarins, auk þess sem vakin var athygli á 100% endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu við íbúðar- og frístundarhúsnæði. Á vefsíðunni meistarinn.is geta landsmenn nálgast upplýsingar um einstök fyrirtæki innan 13 meistarafélaga SI, auk hagnýtra upplýsinga fyrir þau sem vilja fá meistarar í verkið.



Ásýnd SI

Samtök iðnaðarins leggja áherslu á að vera sýnileg í fjölmiðlum og á samfélags-miðlum. Daglegur fréttaflutningur frá starfsemi samtakanna er á vef samtakanna, www.si.is, auk þess sem samfélagsmiðlar eru nýttir til að koma efni samtakanna á framfæri. Þá eru gefnar út skýrslur, greiningar, fréttatilkynningar og annað kynningar-efni sem er allt aðgengilegt á vef samtakanna.

Greiningar SI


Á árinu voru gefnar út 13 greiningar þar sem tekin voru fyrir tiltekin málefni sem skipta aðildarfyrirtæki SI máli og þau greind með aðferðum tölfraði og hagfræði.

- Íslenskt framleiðsla og ímynd skiptir máli
- Áframhaldandi samdráttur íbúða í byggingu
- Stjórnendur vilja stöðugra, hagkvæmara og skilvirkara starfsumhverfi
- Hyggilegt að hækka ekki vexti
- Tvöfalt hærri fasteignaskattar fjótrar sem þarf að slita
- Viðsnúningur hjá arkitektastofum
- Metfjöldi brauðskráðra í iðnnámi í áratug
- Miklar verðhækkanir í sjófrakt og á hrávöru hafa veruleg áhrif
- Metár í fjárfestingum í nýsköpun
- Íbúðatalning SI
- Efnahagsleg markmið komandi kjörtímabils
- Stjórnendur iðnfyrirtækja vænta viðsnúnings í rekstri
- Verklegar framkvæmdir fyrir 139 milljarðar á árinu





Vefur SI

Á vef SI voru settar inn hátt í 500 fréttir á árinu. Vegna persónuverndalaga þarf samþykki þeirra sem fara inn á vefinn fyrir mælingum og þar af eru margir sem nýta sér þann möguleika að heimsókn sé ekki mæld. Á árinu mældust síðuflettingar 148.482. Fjöldi heimsókna á árinu voru 71.676 og notendur mælast 41.799. 50% heimsókna koma frá sínum, 48% frá tölvum og 2% frá spjaldtölvum.



Samfélagsmiðlar

Samtök iðnaðarins eru á **Facebook** þar sem yfir 4.500 fylgja samtökunum. Á árinu voru settar inn um 300 færslur sem hver náðu til allt frá nokkurra hundruða einstaklinga til nokkurra tuga þúsunda. Samtök iðnaðarins eru með ásynd á **Instagram** með 550 fylgjendum þar sem birtar hafa verið myndir með reglbundnum hætti. Á **Vimeo** er hægt að nálgast 275 myndbönd. Áhorf á myndböndin á árinu voru 12.000 og fjöldi áhorfenda var 5.000. Heildartími sem horft var er 115 dagar þar sem meðaltími áhorfs er 37,8 mínútur. Mest áhorf var á lönping SI, Útboðsping SI og Innviðir á Íslandi.



Fréttabréf

Rafrænt fréttabréf SI var sent út 10 sinnum á árinu. Fréttabréfin er hægt að nálgast á vef SI.




Fjölmiðlaumfjöllun

Samtök iðnaðarins voru mjög sýnileg í fjölmiðlum á árinu en um var að ræða 1.311 fréttir/greinar í fjölmiðlum. 37% birtist í netmiðlum, 24% í prentmiðlum, 2% í sjónvarpi/útvarpi og 37% birtist á sérvefjum.

Umfang umfjöllunar
eftir tegundum
fjölmiðla 2021

Sérvefir (37%)

Heimild:
Fjölmiðlavakt Creditinfo.



Útgáfur

Samtök iðnaðarins hafa undanfarin ár staðið að fjölmörgum útgáfum sem unnar hafa verið af starfsmönnum samtakanna í samstarfi við stjórn SI, félagsmenn og aðra sérfræðinga. Útgáfunum er ætlað að vera innlegg í umræðu um umbætur sem gagnast samfélaginu í heild sinni og í þeim eru lagðar fram upplýsingar sem gagnast félagsmönnum samtakanna. Útgáfurnar er hægt að nálgast á vef SI.



Greinar

Á árinu voru birtar 38 greinar í fjölmiðlum.

- Vorar í efnahagslífi landsmanna** / ViðskiptaMogginn
- Mikil tækifæri framundan í fasteignatækniðnaði** / Vísir
- Ólögmat stöðuleysisgjöld um land allt** / Morgunblaðið
- Stærsta efnahagsmálið** / Markaðurinn
- Umbætur í menntun efla samkeppnishæfni** / Morgunblaðið
- Umbætur í innviðauppbýggingu efla samkeppnishæfni** / Fréttablaðið
- Samhljómur í áliti AGS og SI** / Markaðurinn
- Umbætur í íbúðauppbýggingu efla samkeppnishæfni** / Morgunblaðið
- Umbætur í nýsköpun efla samkeppnishæfni** / Markaðurinn
- Umbætur í orku- og umhverfismálum efla samkeppnishæfni** / Morgunblaðið
- Umbætur í starfsumhverfi efla samkeppnishæfni** / Viðskiptablaðið
- Það þarf ekki borg til að reka malbiksstöð** / Morgunblaðið
- Leið vaxtar er farsælasta leiðin í endurreisninni** / Morgunblaðið
- Græn framtíð orkuvinnslu og iðnaðar** / Morgunblaðið
- Græn tækifæri í gagnaversiðnaði** / Morgunblaðið
- Ótal tækifæri í grænum orkusæknum iðnaði** / Morgunblaðið
- Slæmt ef Seðlabankinn þarf að bregðast við** / Viðskiptablaðið
- Fjórða stöðin og efling nýsköpunar** / Vísibending
- Samkeppnisrekstur opinberra aðila** / ViðskiptaMogginn

- Siðasta átakið í húsnæðismálum** / Markaðurinn
- Hver vill hefja viðskiptasamand með kærur?** / Viðskiptablaðið
- Umbætur sem auka framleiðni bæta lífsgæði** / Vísibending
- Græn nýsköpun er lykill að kolefnishlutleysi** / Morgunblaðið
- Sveitarfélög axi ábyrgð á íbúðauppbýggingu** / Markaðurinn
- Eitt öflugt innviðaráðuneyti** / ViðskiptaMogginn
- Skýr skilaboð um stöðugleika** / Morgunblaðið
- Við erum í dauðafæri** / Morgunblaðið
- Öflugt endurgreiðsluferfi tryggir samkeppnisforskot kvikmyndagerðar á Íslandi** / Vísir
- Danmörk og Ísland í fararbroddi grænnar umbyltingar** / Morgunblaðið
- Sókn nýsköpunar og hugverkaiðnaðar – þar getum við verið sammála** / Morgunblaðið
- Mikill skortur á nýjum íbúðum ógnar stöðugleika** / ViðskiptaMogginn
- Sækjum tækifæri okkar tíma** / Frjáls verslun
- Jákvæðar breytingar í regluverkinu** / Sóknarfæri
- Aðgerða er þörf í orkumálum þjóðarinnar** / Morgunblaðið
- Á grænni grein** / Kjarninn
- Samtök iðnaðarins** / ViðskiptaMogginn
- Ár efnahagslegra framfara fram undan** / Markaðurinn
- Stutt skref og risastökk** / Innherji

Hlaupum hraðar – slítum fjötrana og sækjum tækifærin

Á lönþingi 2021 var gefin út skýrslan Hlaupum hraðar – slítum fjötrana og sækjum tækifærin. Þar leggja samtökin fram 33 tillögur til umbóta til að efla samkeppnishæfni íslensks iðnaðar.

Innviðir á Íslandi

Á árinu var gefin út önnur útgáfa af skýrslunni Innviðir á Íslandi. Fyrsta útgáfa kom út árið 2017 og hefur verið grundvallarrit í opinberri umræðu um innviði á Íslandi skýrslunni er lagt mat á ástand flugvalla, fráveitna, hafna, hitaveitna, vatnsveitna, orkuvinnslu, orkuflutninga, úrgangsmála, þjóðvega, sveitarfélagavega, fasteigna í eigu ríkisins og fasteigna í eigu sveitarfélaga.

Ísland í fremstu röð

– eflum samkeppnishæfnina

Á lönþingi 2018 gáfu Samtök iðnaðarins út skýrslu um samkeppnishæfni Íslands. Skýrslunni var ætlað að gera grein fyrir stöðunni í fjórum meginstöðum samkeppnishæfni, menntun, innviðum, nýsköpun og starfsumhverfi. Greining á stöðunni er forsenda þess að hægt sé að gera tillögur að umbótum.

Mótum framtíðina saman – atvinnustefna fyrir Ísland

Atvinnustefna er skipulag sem ætti að vera rauður þráður í allri annarri stefnumótun. Í skýrslunni er mótuð framtíðarsýn til ársins 2050 og lagðar fram um 70 tillögur að umbótum til þess að bæta samkeppnishæfni Íslands. Þannig batna rekstrarskiyrði allra fyrirtækja í landinu og lífsgæði landsmanna aukast.

Mætum færni framtíðarinnar

– Menntastefna SI

Menntamál sem einnig má nefna mannauðsmál, brenna á flestöllum félagsmönnum Samtaka iðnaðarins. Menntastefna SI snýr meðal annars að því að mæta færnipörf atvinnulífsins á hverjum tíma. Ljóst er að fjölga þarf iðnmenntuðum á vinnumarkaði og auka þarf áherslu á tækni- og raungreinar í menntakerfinu. Fjölmargar tillögur til umbóta eru lagðar fram í skýrslunni.

Hver ber ábyrgð á mannvirkinu?

Ítarlegt lögfræðilítil um ábyrgð þeirra sem koma að byggingu mannvirkja hér á landi er sett fram í þessari skýrslu og er ætlað að auðvelda félagsmönnum SI að koma þekkingu til starfsmanna sinna.

Nýsköpun – virkjum tækifærin – Nýsköpunarstefna SI

Nýsköpunarstefna Samtaka iðnaðarins var kynnt í febrúar 2019 í aðdraganda þess að stjórnvöld mótuðu sína stefnu um nýsköpun. Í skýrslunni er horft til ársins 2050 og sett fram markmið og aðgerðir til að ná fram metnaðarfullri framtíðarsýn um að skilyrði til nýsköpunar hér á landi verði með því besta sem þekkist í heiminum. Stefnan er í fjórum köflum; mannauður, fjármagn, stuðningsumhverfi og markaðssetning.

Íslensk raforka

– Ávinningur og samkeppnishæfni

Félagsmenn SI kaupa meginþorra þeirrar orku sem framleidd er á Íslandi. Skýrslunni er ætlað að fræða lesandann um raforkumarkaðinn auk þess sem settar eru fram níu tillögur að úrbótum á íslenska raforkumarkaðinum og birt stefna Samtaka iðnaðarins á sviði raforkumála.

Tímarit SI – nýsköpun

SI gáfu út tímarit um nýsköpun þar sem skyggst er inn í ótal greinar íslensks iðnaðar og dregnar fram fjölbreyttar hliðar nýsköpunar.

Starfsmenn SI

Starfsmenn Samtaka iðnaðarins við útgáfu skýrslunnar.



Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri SI



Berglind Guðjónsdóttir,
skrifstofuumsjón



Bjartmar Steinn Guðjónsson,
viðskiptastjóri á mannvirkjasviði



Björg Ásta Þórðardóttir,
yfirlögfræðingur



Edda Björk Ragnarsdóttir,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og
hugverkasviði



Eyrun Arnarsdóttir,
viðskiptastjóri á mannvirkjasviði



Friðrik Á. Ólafsson,
viðskiptastjóri á mannvirkjasviði



Gunnar Sigurðarson,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og
hugverkasviði



Ingólfur Bender,
aðalhogfræðingur



Ída Margrét Jósepsdóttir,
aðstoðarmaður framkvæmdastjóra



Jóhanna Klara Stefánsdóttir,
sviðsstjóri mannvirkjasviðs



Jóhanna Vigdís Arnardóttir,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og
hugverkasviði



Kristján Daniel Sigurbergsson,
viðskiptastjóri á mannvirkjasviði



Lárus M.K. Ólafsson,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og
hugverkasviði



Lilja Björk Guðmundsdóttir,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og
hugverkasviði



Margrét Kristín Sigurðardóttir,
almannatengsla- og
samskiptastjóri



Nanna Elísa Jakobsdóttir,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og
hugverkasviði



Sigríður Mogensen,
sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs



Úlfar Biering Valssson,
hagfræðingur



**Iðnaður stendur
að baki þriðjung
hagvaxtarins**



**Einn af
hverjum fimm
starfar í iðnaði**



**Iðnaður
skapar fimmtung
landsframleiðslunnar**



**Iðnaður
skapar 30%
gjaldeyristekna**



**Iðnaður skapar 30%
af veltu fyrirtækja
í landinu**



**Samtök
iðnaðarins**